

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Böðvarssonar skálds og bónda og konu hans Ingibjargar Sigurðardóttur, nr. 744/2008.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

8. gr. orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og var fyrsta reikningstímabil eftir staðfestingu á þessari skipulagsskrá árið 2008. Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að skoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar. Reikningar sjóðsins skulu samþykktir og áritaðir af stjórn sjóðsins og skoðunarmanni, sendir stofnaðilum til upplýsingar og sýslumanni.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Böðvarssonar skálds og bónda og konu hans Ingibjargar Sigurðardóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 26. mars 2025.*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 9. apríl 2025